



Skólaráðsfundur 12.febrúar 2019

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Ingvar Jónsson fulltrúar kennara, Andrea Ásgrímsdóttir og Geirný Geirsdóttir fulltrúar foreldra, Ólafur Eyjólfsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Zoran Daníel Ljubicic fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Filoreta Osmani formaður nemendafélags skólans, Börkur Kristinsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari).

1. Ásgerður skólastjóri lagði fram skóladagatal næsta skólaárs. Fór yfir uppsetningu þess, starfsdaga, skerta skóladaga, vetrarleyfi og fleiri þætti sem koma inn í skólaárið. Ræddi að flestir starfsdagar eru í október þar sem stefnt er að námsferð með starfsfólki þá og flyst þá vetrarleyfið fram í mars.
2. Ásgerður bar skóladagatalið upp til samþykktar í skólaráði en áður var búið að samþykkja það á starfsmannafundi.
3. Skóladagatal var samþykkt af öllum fundarmönnum sem skrifuðu undir skjal þess efnis. Nú verður skóladagatalið sent til fræðsluráðs til umfjöllunar og samþykktar.
4. engin önnur mál voru svo næsti fundur er á næsta skólaári nema eitthvað mál komi upp sem þarfnast umfjöllunar í skólaráði.
5. Ásgerður þakkaði fundarmönnum skólaráðs fyrir vel unnin störf á skólaárinu.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri